



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stúdentaráðsfundur			
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
05.03.24	17:00	H - 101	11
Fundarboðandi	Fundarritari	Dags. rituð	
Rakel Anna Boulter	Guðmundur Ásgeir Guðmundsson	05.03.24	
Fundaraðilar mættir:			
<b>Félagsvísindasvið:</b>			
Arna Dís Heiðarsdóttir (Röskva)			
Daníel Hjörvar Guðmundsson (Vaka)			
Júlíus Viggó Ólafsson (Vaka)			
Kristmundur Pétursson (Röskva)			
Emilía Björt Írisard. Bachmann (Röskva)			
<b>Heilbrigðisvísindasvið:</b>			
Sigríður Helga Kárdal Ásgeirsdóttir (Röskva)			
Daniel Thor Myer (Röskva)			
Elísabet Sara Gísladóttir (Vaka) <i>mætti 17:09</i>			
<b>Hugvísindasvið:</b>			
Guðni Thorlacius (Röskva)			
Júlía Karín Kjartansdóttir (Röskva)			
Steinunn Kristín Guðnadóttir (Röskva) ( <i>teams</i> )			
<b>Menntavísindasvið:</b>			
Tanja Sigmundsdóttir (Röskva)			
Dagbjört Ósk Jóhannsdóttir (Röskva) <i>mætti 17:09</i>			
Alex Eli Schweitz Jakobsen fyrir Júlíönu Dögg Önnudóttur Chipa (Vaka)			
<b>Verkfræði- og náttúruvísindasvið:</b>			
Fjóra María Sigurðardóttir fyrir Maríu Rós Kaldalóns (Röskva)			
Davíð Ásmundsson (Röskva)			
Eiður Snær Unnarsson (Vaka)			
<b>Aðrir (án atkvæðisréttar)</b>			
Rakel Anna Boulter, forseti SHÍ			
Dagmar Óladóttir, varaforseti SHÍ			
Rannveig Klara Guðmundsdóttir, hagsmunafulltrúi SHÍ			
Guðmundur Ásgeir Guðmundsson, framkvæmdastjóri SHÍ (ritari)			
Áslaug Lárusdóttir			
Linda Rún Jónsdóttir			
S. <b>Maggi</b> Snorrason			
Magnús Hallsson			
Styrmir Hallsson			
Arent Orri Jónsson			
Sigurbjörg Guðmundsdóttir			
Fjóra Kristný Andersen			
Mathías Bragi Ólvisson			
Sæþór Már Hinriksson			
Tinna Eyvindardóttir			
Telma Jeanne Bonthonneau			
Guðrún Rós Guðmundsdóttir			
Elís Þór Traustason			
Björgvin Ægir Elisson			
Andri Már Tómasson			
Kristinn Jóhannesson ( <i>teams</i> )			



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Fundarmenn fjarverandi og án varafulltrúa: Öll mætt

## Fundardagskrá

### Stúdentaráðsfundur 5. mars 2024 í stofu H-101

1. Forseti Stúdentaráðs setur fund 17:00-17:05  
*The President of the Student Council convenes the meeting*
2. Fundargerð síðasta fundar Stúdentaráðs þann 7. febrúar borin upp til samþykktar  
(atkvæðagreiðsla) 17:05-17:10  
*Vote on minutes from the Student Council meeting from Feb 7th.*
3. Tilkynningar og mál á döfnni 17:10-17:20  
*Announcements and issues ahead*
4. Kynning um bílastæða og samgöngumál frá framkvæmda- og tæknisviði - Kristinn Jóhannesson 17:20-17:40  
*Presentation on transportation and parking from the department of operation and researches - Kristinn Jóhannesson*
5. Tillaga um að Stúdentaráð Háskóla Íslands beiti sér fyrir upptöku „Leiðar B“ í bílastæðamálum (atkvæðagreiðsla) 17:40-17:50  
*A proposal for SHÍ to advocate for the adaption of "choice B" in parking matters (Vote)*
6. Lagabreytingar 17:50-18:10  
*Legislative changes (voting)*
7. Yfirlýsing SHÍ vegna breytingar á fjárframlagi ríkisins til háskólastigsins (atkvæðagreiðsla) 18:10-18:20  
*SHÍ's statement regarding the change in the government's financial contribution to universities in Iceland*
8. Tillaga um frískáp (atkvæðagreiðsla) 18:20-18:30  
*Proposal for freege (Vote)*
9. Hlé 18:30-18:40  
*Intermission*
10. Tillaga um að Stúdentaráð falli frá íþyngjandi rekstrarkröfum á Félagsstofnun stúdenta í ljósi rekstrarstöðu Hámu (atkvæðagreiðsla) 18:40-18:50  
*Proposal that SHÍ withdraws burdensome operational requirements on FS in light of Háma's financial situation (Vote)*



Stúdentaráð Háskóla Íslands

11. Tillaga um áheyrnarfulltrúa allra fylkinga í stjórn Félagsstofnunar stúdenta (atkvæðagreiðsla)  
18:50-19:00 *Proposal for observer representatives of all political student unions in the board of FS (Vote)*
12. Tillaga um aðstöðu nemendafélaga á FVS (atkvæðagreiðsla) 19:00-19:10  
*Proposal for better facilities for student associations at FVS*
13. Tillaga um aðgang að byggingum HÍ (atkvæðagreiðsla) 19:10-19:20  
*Proposal for access to UI (Vote)*
14. Tillaga um endurnýjun á aðbúnaði í Odda (atkvæðagreiðsla) 19:20-19:30  
*Proposal for renovation of facilities in Odda (Vote)*
15. Tillaga um að SHÍ taki undir ályktun um endurtektarpróf á Heilbrigðisvísindasviði (atkvæðagreiðsla) 19:30-19:40  
*Proposal for makeup exams in the School of Health science (Vote)*
16. Önnur mál 19:40-19:45  
*Other issues*
17. Fundi slitið 19:45

1. Forseti Stúdentaráðs setur fund 17:00-17:05  
*The President of the Student Council convenes the meeting.*

2. Fundargerð síðasta fundar Stúdentaráðs borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:05-17:10  
*Vote on minutes from the Student Council meeting on December 13th*

a. Atkvæðagreiðsla:

**13 samþykk**

**Fjóla María situr hjá**

*Dagbjört og Elísabet mæta 17:09*

*Steinunn mætir (á teams) 17:15*

3. Tilkynningar og mál á döfinni 17:10-17:20

*Announcements and issues ahead*

a. Starfsemi skrifstofu

i. Herferðin.

1. Tik-Tok fengu góða dreifingu.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

2. Stiginn á Háskólatorgi kom vel út.
  3. Stjórn ræddi á fundi sínum að efnið hefði mátt vera aðeins meira grípandi og að meiri fyrirvari á herferðinni hefði verið vel þeginn. Forseti hvetur til að fólk til að koma með uppástungur og uppbyggilega gagnrýni á það sem betur hefði mátt fara.
- ii. Stúdentablaðið
    1. Þriðja Stúdentablaðið kom út mánudaginn 26. febrúar, þemað í blaðinu að þessu sinni var umhverfismál
  - iii. Samráðsfundur um stemningu á háskólasvæðinu
    1. Forseti boðaði til fundar svokallaðs stemningshóps sem á að reyna að kryfja vandamál sem orsaka litla mætingu og stemningsleysi á háskólasvæðið.
  - iv. Alþjóðafulltrúi fór á árlega ráðstefnu stúdenta Aurora í Tarragona þann 14-15. Febrúar. Þar voru vinnustofur um framtíð Aurora og námskeið í framkomu, bæði fyrir stúdentaráðliða Aurora og sjálfboðaliða sem hafa áhuga á Aurora háskólasamstarfinu. Í leiðinni fundaði stúdentaráð Aurora.
  - v. Jafnréttisdagar
    1. Alþjóðanefnd var með vinnustofu þann 12. febrúar þar sem eflt var til samráðs um vandamál alþjóðanema við HÍ. Þar kom ýmislegt áhugavert fram sem alþjóðanefnd mun nota í frekari vinnu og stefnumótun.
- b. Fréttir úr LÍS
    - i. Síðasti fulltrúaráðsfundur fór í að undirbúa landsþing.
    - ii. Landsþing LÍS verður 7-10. mars. Því miður tókst ekki að fylla öll sæti SHÍ þar, við höfum 10 af 13 fulltrúum.
  - c. Samráðsfundur með ráðherra
    - i. Lagabreytingar um MSNM áætlaðar um miðjan mars. Fjallaði aðeins um fyrirkomulagið með nýja fjármagnið til sjálfstætt rekna skóla. Það voru minni umræður um þetta mál en forseti hafði búist við. Forseti var ekki að taka mikla afstöðu til málsins á fundinum þar sem SHÍ átti eftir að álykta um það sem er einmitt á dagskrá fundarins. Við erum bundin trúnaði um breytingarnar þangað til að þær verða opinberaðar í samráðsgátt.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

4. Kynning um bílastæða og samgöngumál frá framkvæmda- og tæknisviði - Kristinn Jóhannesson 17:20-17:40

*Presentation on transportation and parking from the department of operation and research - Kristinn Jóhannesson*

- a. Kristinn Jóhannesson (*teams*) kynnr bílastæðamál og spjallar við stúdentaráðsliða í gegnum *teams*.

- i. *Það sem helst bar til tíðinda úr kynningu Kristins voru þær leiðir sem Háskóli Íslands hafði lagt fram á Háskólaþingi, þ.e.,*

A) Að innleidd verði gjaldtaka af bílastæðum, gerður samningur við Strætó um U-passa fyrir nemendur og starfsfólk og breyttur samgöngusamningur fyrir starfsfólk.

B) Að innleidd verði gjaldtaka af bílastæðum með undanþágu fyrir nemendur og starfsfólk á völdum svæðum. Þetta felur í sér að nemendur og starfsfólk geti skráð bifreið sína á lista og greiði hóflegt bílastæðagjald (u.þ.b. 1.500 kr), líkt og áformað er hjá Landspítalanum.

*Engin ákvörðun var tekin á Háskólaþingi heldur voru leiðirnar tvær eingöngu kynntar. Þá tjáði Kristinn Stúdentaráði það að Háskólinn ætti enn þá eftir að taka ákvörðun um hvor leiðin yrði farin í framhaldinu. Þó kom einnig fram að Háskólinn var ekki í stakk búinn til að fara leið A.*

- b. Mælendaskrá opin

- i. *Að lokinni kynningu fengu stúdentaráðsliðar að spyrja Kristinn. Einkennidust umræðurnar af þeim núningi er myndaðist við þessa upplýsingagjöf. Ráðinu var tjáð að það ætti eftir að taka ákvörðun um tvær leiðir á sama tíma og búið er að útiloka aðra leiðina. Í kjölfarið hélt Guðni því fram að Háskólinn hefði aðeins sett fram Leið A í sýndarmennskutilgangi og gagnrýndi hann fyrir það. Forseti gagnrýndi einnig Háskólann fyrir samráðsleysið í öllum*



Stúdentaráð Háskóla Íslands

ákvarðantökum og upplýsingagjöf hvað þetta mál varðaði. **Kristmundur** kvaðst einnig vera miður sín að Háskólinn væri ekki að taka Leið A og að með því sé Háskólinn að missa af gullnu tækifæri til að vera framúrstefnulegur vinnustaður sem stuðlaði að umhverfissvænni samgöngumátum.

Að lokum tilkynnti **Júlíus Viggó** Kristni að fulltrúar Vöku væru sátt við að Leið B yrði fyrir valinu, sú leið væri bersýnilega praktískari miðað við gefnar aðstæður.

5. Tillaga um að Stúdentaráð Háskóla Íslands beiti sér fyrir upptöku „Leiðar B“ í bílastæðamálum (atkvæðagreiðsla) 17:40-17:50

*A proposal for SHÍ to advocate for the adoption of "choice B" in parking matters (Vote)*

- a. Tillöguberi, Júlíus Viggó, flytur tillöguna.

Stúdentaráðsfundur  
5. mars 2024

#### - T I L L A G A -

#### Að Stúdentaráð Háskóla Íslands beiti sér fyrir upptöku „Leiðar B“ í bílastæðamálum

Lagt er til að Stúdentaráð Háskóla Íslands leggi sitt á vogarskálarnar og beiti sér fyrir því að frekar verði farið eftir svokallaðri „Leið B“ við upptöku gjaldskyldu á bílastæðum Háskóla Íslands. Á sama tíma skuli SHÍ krefjast þess að 30.000 kr. samgöngukort sem umrætt var fyrir „Leið A“ verði líka gert aðgengilegt stúdentum þrátt fyrir að farin yrði „Leið B.“

#### - R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Við upptöku á gjaldskyldu við Háskóla Íslands skiptir máli að miða aðgerðir eftir aðstæðum. Innviðir eru einfaldlega ekki til staðar til að demba öllum stúdentum í bíllausar samgöngur. Í því samhengi má sérstaklega nefna vinnandi stúdenta, stúdenta sem eru foreldrar og stúdenta sem búa á ytri svæðum höfuðborgarsvæðisins eða á landsbyggðinni. Hin svokallaða „Leið B“ er í takt við þá leið sem Landspítalinn hefur farið í þessum málum.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Þrátt fyrir að farið yrði eftir „Leið B“ er mikilvægt að SHÍ beiti sér fyrir því að 30.000 kr. samgöngukort, sem kynnt var sem hluti af „Leið A“ verði samt gert aðgengilegt stúdentum til þess að einmitt auðvelda umskipti yfir í aðra samgöngumáta á komandi árum.

Júlíus Viggó Ólafsson, Vaka

b. Mælendaskrá opin.

i. **Rakel Anna:** Eins og Kristinn kom inn á hér áðan þá stendur Leið B ekki undir rekstrarkostnaðinum við bílastæðin. Finnst þér vel farið með fjármagn Háskólans að stuðla að fyrirkomulagi sem stendur ekki undir sér?

**Júlíus Viggó:** Við getum átt langt samtal um vankanta reksturs Háskóla Íslands. Fólk hlýtur samt að sjá að miðað við núverandi samgöngustöðu er þetta rekstrarkostnaður sem HÍ verður að sætta sig við. Ef eitthvað annað á að koma á mótí ætti frekar að hagræða og hliðra til annars staðar í rekstrinum auk þess að við eigum auðvitað að halda áfram að berjast fyrir nægjanlegri fjármögnun á skólanum sjálfum. En til styttri tíma litið þá hugsum við Í Vöku að leið B sé eina praktíska leiðin í stöðunni, sérstaklega fyrir þá hópa sem geta hreinlega ekki nýtt innviðina [strætó og samgöngur] eins og þeir eru núna.

**Rakel Anna:** Þannig þér finnst eðlilegt að Háskólinn haldi áfram að niðurgreiða bílastæðin jafnvel þótt að stúdentar og starfsfólk greiði þessar 1.500kr á mánuði?

**Júlíus Viggó:** Það er eðlilegt að skólinn hagræði sínum rekstri út frá því.

Arna Dís fer fram á atkvæðagreiðslu um að mælendaskrá verði opin öllum viðstöddum.

**Einróma samþykkt með 17 atkvæðum**

ii. **Andri Már:** Takk fyrir tillöguna. Þú notar Landspítalann sem rökstuðning fyrir því að Háskólinn ætti að fara Leið B þar sem



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Lanspítalinn hefur nú þegar stigið sín fyrstu skref í þeirri leið, hins vegar býður Landspítalinn einnig upp á samgöngukort fyrir sitt starfsfólk og þar af leiðandi gæti það alveg eins verið forgangsmál fyrir SHÍ. Hagsmunabarátta Stúdentaráðs á ekki að takmarkast við rekstur HÍ, Stúdentaráð á berjast fyrir því sem að því finnst stúdentar eiga skilið.

**Júlíus Viggó:** Tillagan mín er ekki útilokandi að því sem þú ert að segja. Leið B tryggir minni kostnað fyrir þá stúdenta sem geta ekki nýtt innviðina núna en samt leggjum við áfram áherslu á að SHÍ haldi áfram að berjast fyrir 30.000kr samgöngukorti sem er krafa úr Leið A. Við viljum ekki að það sé lagst í íþyngjandi aðgerðir á stúdenta sem geta ekki nýtt innviðina. Ég held að ég geti staðhæft, verandi neytandi Strætó og fátækur námsmaður sökum þess að vera lántaki hjá MSNM, að verðið hjá Strætó er ekki vandamálið heldur innviðirnir sjálfir.

- iii. **Arna** talar um að vandamálið sé hversu margir bílar eru hérna og umferðin sem er afleiðing þess. Leið B leysi ekki þann vanda, aftur á móti sé hún frekari hvati til þess að mæta á bíl.

**Júlíus Viggó** segir það kunna að vera að Leið B leysi ekki þann vanda sem umferðin í Vatnsmýrinni er en að hann sé samt sem áður þeirrar skoðunar að stúdentar eigi ekki að vera fyrst til að gjalda fyrir, hver sá sem vandinn raunverulega er.

**Arna** talar um að markmið Röskvu hafi aldrei verið að leggja íþyngjandi aðgerðir á þá hópa sem ekki geta nýtt innviðina. Enn fremur nefnir hún að Röskva hafi ávalt barist fyrir því að þeir hópar sem eru viðkvæmastir fái undanþágur - það sé hins vegar ekki vandamál Stúdentaráðs að útfæra og kortleggja þau undanþáguúrræði heldur sé það vandamál Háskólans.

**Júlíus Viggó** minnst þess frá því í hanaðslagnum 2023 að það hafi verið talað um að það þyrfti að finna undanþágur fyrir ýmsa hópa en að nú sé næstum liðið eitt ár síðan þá og hann hefur ekki séð neitt á borði frekar en í orði.





iv. **Guðni:** Af hverju erum við bundin af einhverjum leiðum sem Háskólinn virðist hafa lagt til í sýndarmennsku? Við erum núna búin að álykta um þetta og forseti okkar, Rakel Anna, ásamt Rebekku, fyrrum forseta, fengu vilyrði Rektors um að samgöngupassi myndi fylgja með íþyngjandi aðgerðum vegna gjaldtöku á bílastæðum. Eigum við bara leyfa Háskólanum að ljúga svona að okkur?

**Júlíus:** Ég vil bara að það sé farin einhver praktískt leið. Við getum alveg settið hér inni og ályktað um hitt og þetta en ef það er ekki praktískt og ekki hægt að koma því í verk, hver er þá tilgangurinn? Það er okkar stefna að taka praktískari afstöðu sem skilar niðurstöðum.

**Kristmundur** er þetta raunhæft að gera þetta bæði? Þá væri þetta ekki svo galið. Þetta er þá í rauninni leið C sem tekur það besta úr leið B og leið A, sem væri auðvitað mjög gott “combo”. En talandi um praktík þá er þetta ekki það sem Háskólinn er að bjóða og úr því að Kristinn er búinn að segja að leið A sé ómöguleg, er þá skynsamlegt eða praktískt að tala fyrir leið sem er óraunhæf? Mér finnst allavegana að ef Stúdentaráð samþykkir þetta eins og þetta er, að þá séum við bara að sætta okkur við aðgerðir Háskólans og vinna út frá þeim og það er eitthvað sem Röskva gæti ekki staðið fyrir að minnsta kosti.

**Júlíus Viggó:** Bjóst seint við því að fá gagnrýni frá Röskvu fyrir að markmiðin mín séu of háfleyg en það er gaman að því

**Kristmundur:** Já, við höfum náttúrulega verið að tala um vanfjármögnun Háskólans seinustu ár og það er ljóst að þetta strandar á því. Með betri fjármögnun hefði mögulega verið hægt að fara Leið A. Vanfjármögnunin er hið raunverulega vandamál. Það er þó gaman að sjá fulltrúa Vöku tala eins og gjaldskylda sé að verða að raunveruleika.

**Júlíus Viggó:** Þið hafið að minnsta kosti ekki komið í veg fyrir hana.

v. **Maggi:** Mér fannst ekki alveg koma nógu skýrt fram hvort þessi tillaga sé að segja: “Við munum ekki sætta okkur við þetta nema Upassi komi samhliða” eða segir hún: “Já, tókum upp gjaldskyldu samkvæmt þessari Leið B, en höldum áfram að berjast fyrir Upassa”.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

**Júlíus Viggó:** Stúdentaráð samþykkti í fyrra tillögu um að samþykkja ekki áform um gjaldskyldu nema að mótvægisáðgerðir eins og Upassi kæmi samhliða. Nú hefur Háskólinn boðað þessar leiðir og við viljum fara Leið B og tölum fyrir henni þar sem hún er minna íþyngjandi fyrir stúdenta. Ég er ekki með rekstraráhrif Háskólans í huga þegar ég tala fyrir þeirri leið.

**Maggi:** Leið B er eins og Costco kort þar sem fólk kaupir fyrir fram aðild að bílastæðunum og hefur þá miklu minni ástæðu til að nýta sér almenningssamgöngur og hvatinn snýst algjörlega við, það er, að fólk er miklu vísara til að mæta á bíl sem lagar ekki beint vandann. Mér finnst að Stúdentaráð ætti að taka til miklu róttækari ályktana en svo að sætta sig bara við það sem Háskólinn leggur fram eins og til dæmis að segja að Stúdentaráð muni ekki sætta sig við gjaldtöku á bílastæðum við Háskóla Íslands nema að mótvægisáðgerðir eins og Upassi komi samhliða eins og við í Röskvu höfum barist fyrir allan þennan tíma. Nú kemur Háskólinn og segir að hann ætli að taka upp gjaldtöku án þess að bjóða Upassa og mér líður eins og þessi tillaga sé í rauninni að segja að SHÍ sætti sig bara við það.

**Júlíus Viggó:** Ég er sem áður á þeirri skoðun að þetta stangist ekki á við þau sjónarmið. Þetta snýst bara um að taka fyrsta skrefið í umbreytingunni. Við vitum að það verður ekki malarstæði í Vatnsmýrinni eftir 15 ár ef marka má þróunaráætlanir borgarinnar og á endanum verða almenningssamgöngur líklega miklu vænlegri kostur en þær eru núna. En á meðan að sá valkostur [almenningsamgöngur] er eins illa staddur og raun ber vitni er ekki hægt að snúa upp á höndina á fólki og þvinga það í þann valkost með enga leið út. Leið B er praktískari valkosturinn í eins og staðan er núna.

vi. **Sigríður** talar um að þetta sé ekki alveg í takt við það sem Landspítalinn hefur í sínum áformum.

**Júlíus Viggó** bendir á að þótt að sambærileg leið og Leið B sé ekki óskandi endaleg útkoma hjá Landspítalanum, að þá hafi Landspítalinn



Stúdentaráð Háskóla Íslands

byrjað á svipuðu fyrirkomulagi og að Leið B fyrir Háskólann væru svipuð fyrstu skref í að komast að óskandi endanlegri útkomu. Þótt Háskólinn færi Leið B núna þá þýðir það ekki að það sé meitlað í stein. **Sigríður** bendir í kjölfarið á að með tilkomu Menntavísindasviðs og í framtíðinni Hús Heilbrigðisvísindasviðs á háskólasvæðið mun bílaumferð þyngjast gríðarlega á svæðinu og að Leið B myndi ekki hjálpa til við að leysa þann vanda.

**Júlíus Viggó** bætti því við að hann sæi ekki hvernig Leið A myndi leysa þann vanda eitthvað frekar.

**Steinunn**: Ég geri mér grein fyrir því að þetta sé ekki mjög vinsælt upp á tíma að gera en þar sem ég er sammála Magga um að kröfurnar í tillögunni séu örlítið loðnar þá legg ég til breytingartillögu.

Steinunn leggur til eftirfarandi breytingartillögu

#### - T I L L A G A -

**Að Stúdentaráð Háskóla Íslands beiti sér fyrir upptöku „Leiðar B“ í bílastæðamálum**

Lagt er til að Stúdentaráð Háskóla Íslands leggi sitt á vogarskálarnar og beiti sér fyrir því að frekar verði farið eftir svokallaðri „Leið B“ við upptöku gjaldskyldu á bílastæðum Háskóla Íslands. ~~Á sama tíma skuli SHÍ krefjast þess, með því skilyrði að 30.000 kr. samgöngukort sem umrætt var fyrir „Leið A“ verði líka gert aðgengilegt stúdentum þrátt fyrir að farin yrði „Leið B“ samhliða því.~~

Þar sem Júlíus Viggó, tillöguberi, er sammála Steinunni og samþykkur breytingartillögunni skoðast hún samþykkt án atkvæðagreiðslu

c. Mælendaskrá vegna breytingartillögunnar opnast

- i. **Kristmundur**: Þetta er í grunninn það sama og við féllumst á í febrúar 2023 nema að hérna erum við að fallast á einn af tveimur slæmum valkostum setta fram af Háskóla Íslands og því er mögulega óþarfi að álykta um þetta.

Kristmundur leggur til 10 mínútna fundarhlé



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Atkvæðagreiðsla: **15 samþykki**, Daniel Thor situr hjá, Daníel Hjörvar á móti

Forseti boðar því 7-10 mínútna fundarhlé

Fundur hefst aftur 18:34

d. Mælendaskrá opnar að nýju eftir fundarhlé

i. **Arna:** Mér finnst orðræðan hafa svolítið verið sú að innviðirnir séu ekki til staðar en ég nota strætó daglega – finnst þetta mjög fínt. Ég er ekki sammála að innviðirnir séu ekki til staðar. **Júlíus Viggó** bendir á að innviðirnir séu kannski til staðar fyrir stúdenta eins og hann sjálfan en ekki fyrir viðkvæmari hópa sem þurfa að reiða sig á bíl.

ii. **Daniel** biður forseta um að varpa upp tillögu um afstöðu SHÍ í þessum sömu málum frá stúdentaráðsfundi þann 14. febrúar 2023 á skjáinn.

**Daniel:** Hér erum við með núverandi afstöðu SHÍ sem mér finnst vera skýr. Minn skilningur er því að ef við fellum þá sem er hér borin upp, þá gildir þessi afstaða enn þá.

**Júlíus Viggó:** Svo ég svari þér stuttlega þá tel ég að þessi tillaga samræmist tillögunni sem er hér borin upp nema það er mín skoðun að hér sé borin upp aðeins nákvæmari, praktískari og skýrari tillaga um það hvernig hagsmunum stúdenta sé gætt.

iii. **Kristmundur:** Mér finnst tillagan sem kveður á um gildandi afstöðu Stúdentaráðs til þessara mála ganga lengra en sú sem er borin upp hér og þar af leiðandi finnst mér óþarfi að taka hana fyrir. Hin tillagan gerir afstöðu Stúdentaráðs skýra og þótt við séum komin með nýjar upplýsinginar um leiðir A og B þá þarf það ekki að breyta þeirri afstöðu.

*Kristmundur leggur til að tillögunni verði vísað frá*



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Atkvæðagreiðsla:

Arna, Daniel, Davíð, Guðni, Júlía, Emilía, Kristmundur og Fjóla María **samþykkt (8)**

Sigríður, Dagbjört og Tanja **sitja hjá (3)**

Elísabet, Eiður, Alex, Daníel Hj., Steinunn og Júlíus **á móti (6)**

Frávísunartillagan skoðast því samþykkt og tillögunni vísað frá

## 6. Lagabreytingar 17:50-18:10

*Legislative changes (voting)*

- a. Tillöguberi, Nana, alþjóðafulltrúi SHÍ flytur lagabreytingartillögu um óháða fulltrúa í alþjóðanefnd SHÍ (1. liður) 7. gr.

- i. Mælendaskrá opin
- ii. Atkvæðagreiðsla

**Einróma samþykkt með 17 atkvæðum.**

Lagabreytingartillagan skoðast því samþykkt

- b. Tillöguberi, Guðni, sviðsráðsforseti Hugvísindasviðs, flytur lagabreytingartillögu um mönnun sviðsráðs (18. gr - Sviðsráðsfulltrúar)

- i. Mælendaskrá opin

1. **Júlíus Viggó:** Ég velti því fyrir mér, einmitt vegna að þess að við erum búin að eiga tveggja klukkustunda umræður um nákvæmlega sömu tillögu fyrr á þessu starfsári, og sú tillaga var felld, hvort það sé ekki hreinlega óheimilt að bera hana upp aftur? **Guðni** kveðst vera ósammála þar sem að tillagan í þessu formi var ekki felld heldur var tillagan felld eftir að henni var breytt.

Í kjölfarið vöknudu umræður um hvernig lög Stúdentaráðs skulu túlkuð. Það var greinilegt að hér var um mikið álita- og hitamál að ræða ef marka má orðaskiptin. Niðurstaðan var þó sú að ekki væri hægt að meina tillögubera að bera upp sömu tillögu enda þótt afstaða ráðsins hafi áður verið gerð kunn með atkvæðagreiðslu þar sem einfaldur meiri hluti réði úrslitum. Í framhaldinu tók við flóð frávísunartillaga sem var þó brotið upp af stuttu fundarhlé.

Júlíus leggur til að lagabreytingartillögunni verði vísað frá



Stúdentaráð Háskóla Íslands

*Atkvæðagreiðsla:*

*Júlíus, Alex, Daníel Hj., Elísabet og Eiður samþykkt (5)*

*Arna situr hjá (1)*

*Steinunn, Júlía, Davíð, Emilía, Guðni, Kristmundur, Tanja, Dagbjört, Fjóla María, Sigga,*

*Daniel á móti (11)*

*Frávísunartillagan skoðast því felld*

*Eiður leggur til að lagabreytingartillögunni verði vísað frá*

*Rakel Anna leggur til að gert verði stutt hlé á fundinum*

*Atkvæðagreiðsla: 14 samþykkt, Eiður situr hjá, Dagbjört og Daníel Hj á móti.*

*Forseti boðar því fimm mínútna fundarhlé*

*Fundur hefst að nýju 18:58 og frávísunartillaga Eiðs frá því fyrir hlé er borin upp til samþykktar*

*Atkvæðagreiðsla:*

*Júlíus, Alex, Daníel Hj., Elísabet og Eiður samþykkt (5)*

*Arna situr hjá (1)*

*Steinunn, Júlía, Davíð, Emilía, Guðni, Kristmundur, Tanja, Dagbjört, Fjóla María, Sigga,*

*Daniel á móti (11)*

*Frávísunartillagan skoðast því felld*

*Alex leggur til að lagabreytingartillögunni verði vísað frá*

*Atkvæðagreiðsla:*

*Júlíus, Alex, Daníel Hj. og Eiður samþykkt (5)*

*Arna situr hjá (1)*

*Steinunn, Júlía, Davíð, Emilía, Guðni, Kristmundur, Tanja, Dagbjört, Fjóla María, Sigga,*

*Daniel á móti (11)*

*Frávísunartillagan skoðast því felld*

*Júlíus leggur til að lagabreytingartillögunni verði vísað frá*

*Atkvæðagreiðsla:*

*Júlíus, Alex, og Eiður samþykkt (3)*

*Arna, Daníel Hj. og Elísabet sitja hjá (3)*



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Steinunn, Júlía, Davíð, Emilía, Guðni, Kristmundur, Tanja, Dagbjört, Fjóla María, Sigga,  
Daniel á móti (11)

Frávísunartillagan skoðast því felld. Var þetta síðasta frávísunartillagan í frávísunarflóðinu mikla og verður nú sögunni því aftur vikið til lagabreytingatillögunnar.

ii. Atkvæðagreiðsla

**11 samþykkt:** Sigríður, Daniel, Fjóla, Kristmundur, Júlía, Guðni,  
Dagbjört, Tanja, Davíð og Emilía

Arna **situr hjá**

**5 á móti:** Júlíus, Alex, Elísabet, Daníel Hjörvar og Eiður.

Lagabreytingartillagam skoðast því felld.

7. Yfirlýsing SHÍ vegna breytingar á fjárframlagi ríkisins til háskólastigsins  
(atkvæðagreiðsla) 18:10-18:20

*SHÍ's statement regarding the change in the government's financial contribution to universities in Iceland*

a. Raket Anna kynnir yfirlýsinguna stuttlega.

b. Mælendaskrá opin:

i. **Daníel Hjörvar:** *Mér list ótrúlega vel á þetta og ég legg til að við kjósum um þetta núna*

ii. Atkvæðagreiðsla

**16 samþykkt**

Júlíus Viggó **situr hjá**

Yfirlýsingin skoðast því samþykkt

8. Tillaga um frískáp (atkvæðagreiðsla) 18:20-18:30

*Proposal for freege (Vote)*

a. Tillöguberi Guðni flytur tillöguna.

Stúdentaráðsfundur  
5. Mars 2024



Stúdentaráð Háskóla Íslands

### - T I L L A G A -

Lagt er til að Stúdentaráð beiti sér fyrir því að HÍ og/eða FS komi upp frískáp á jarðhæð Háskólatorgs.

### - R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Nú á tímum bágra lánskjöra, hárrar verðbólgu og hamfarahlýnunar eru stúdentar almennt meðvitaðir um mikilvægi þess að fullnýta hverja þá auðlind sem þeim stendur til boða á sem sjálfbærastan hátt. Því er upplagt að þeim sé gefið færi á að taka höndum saman til að samnýta þær matarauðlindir sem þeim standa til boða á Háskólatorgi. Í hverfum víða á höfuðborgarsvæðinu hafa íbúar tekið sig til og reist svokallaða frískápa sem eru vettvangur til þess að deila þeim matvælum sem verða afgangur til að sporna gegn matarsóun (eða einfaldlega til að láta gott af sér leiða!). Slíkir frískápar eru öflugt tól til að sporna gegn matarsóun á HT sem og til þess að auka samnýtingu stúdenta á gæðunum sem þeim stendur til boða. Undirritaður telur þetta muna stuðla að minni matarsóun og að aukinni mettun hungurs háskólanema.

Guðni Thorlacius, stúdentaráðsliði

b. Mælendaskrá

i. *Daníel* spyr um hvort það þurfi einhver sérstök leyfi

*Guðni og Dagmar* svara því að þurfi ekki sérstök leyfi fyrir þessu en þó þarf ábyrgðaraðila í þrif. Það megi visa tæknilegum atriðum á framkvæmd og útfærslu til framkvæmda- og tæknisviðs.

ii. *Kristmundur*: Mér finnst þetta yndislegt. Hægt að horfa til Norðurlandanna þar sem þetta hefur gengið vel. Frábært að hægt verði að nýta betur matvæli sem annars yrði hent.

c. Atkvæðagreiðsla.

### Einróma samþykkt með 17 atkvæðum

*Samkvæmt fundardagskrá hefði nú átt að vera fundarhlé en ákveðið var að halda fundinum áfram.*





Stúdentaráð Háskóla Íslands

9. Tillaga um að Stúdentaráð falli frá íþyngjandi rekstrarkröfum á Félagsstofnun stúdentna í ljósi rekstrarstöðu Hámu (atkvæðagreiðsla) 18:40-18:50

*Proposal that SHÍ withdraw burdensome operational requirements on FS in light of Háma's financial situation (Vote)*

- a. Tillöguberi, Júlíus Viggó, flytur tillöguna.

Stúdentaráðsfundur

5. mars 2024

### - T I L L A G A -

#### **Að Stúdentaráð falli frá íþyngjandi rekstrarkröfum á Félagsstofnun stúdentna í ljósi rekstrarstöðu Hámu**

Í ljósi þess að rekstur Hámu hefur þyngst all verulega á undanförunum árum, með tilheyrandi lokunum á útsölustöðum, er lagt til að Stúdentaráð Háskóla Íslands, sem hefur ráðandi meirihluta í stjórn Félagsstofnunar stúdentna, dragi úr íþyngjandi rekstrarkröfum um rekstur FS þar til að náðst hefur að rétta reksturinn við. Þar má nefna kröfur um aukið úrval á grænmetis og vegan réttum og vörum, sértækum verkefnum sem bæta ekki rekstur, breyttar umbúðir eða vörur/vöruúrval sökum umhverfissjónarmiða o.s.frv.

Meginmarkmið Hámu á að vera að bjóða stúdentum upp á ódýrar vörur á þeim stöðum þar sem þeir sækja nám sitt. Aukaleg markmið verða að lúta í lægra haldi fyrir því.

### - R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Eins og öllum er kunnugt hefur rekstur Hámu ekki tekið við sér síðan að hann tók á sig mikið högg í Covid19 faraldrinum, en þá ákvað stjórn FS að halda útsölustöðum opnum þrátt fyrir samkomutakmarkanir með tilheyrandi kostnaði. Í dag er Háma rekin með það miklum halla að FS hefur þurft að grípa til örþrifaráða og loka þremur útsölustöðum og heldur þeim möguleika opnum að loka enn fleirum. Á sama tíma er töluverð óánægja með vöruverð meðal stúdentna. Staðreyndin er sú að kröfur sem SHÍ hefur nú þegar gert um rekstur Hámu hafa haft neikvæð áhrif á afkomu hennar.

Tilgangur Hámu er að veita stúdentum aðgang að ódýrum vörum þar sem þeir stunda nám sitt. Í dag getur Háma einfaldlega ekki uppfyllt þessi skilyrði. Í slíku umhverfi verður skynsemin að ráða för. Til þess að auðvelda viðsnúning í rekstri Hámu ætti SHÍ að hverfa frá íþyngjandi rekstrarkröfum sem þjóna ekki þeim megin tilgangi. Ódýrar vörur víða fyrst, svo hallt itt.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Júlíus Viggó Ólafsson, stúdentaráðsliði fyrir Vöku

b. Mælendaskrá opin:

- i. **Arna Dís:** *Ég er aðeins að velta fyrir mér tölunum á bakvið þetta, þar sem þú nefnir framboð og eftirspurn. Er framboðið orðið miklu meira en eftirspurnin og hvaðan færðu þau gögn í heild sinni?*

**Júlíus Viggó:** *Þetta kemur upp úr samtali mínu við skrifstofu FS*

**Rakel Anna:** *Ég get brugðist við þessu þar ég er sitjandi áheyrnarfulltrúi Stúdentaráðs í stjórn FS. Ég spurði Guðrúnu út í þetta og hún sagði að hlutfall heita matarins væri um það bil 1/6-1/5 vegan, þ.e., 40-50 vegan skammtar á móti 180-250 skömmtum sem innihalda dýraafurðir. Samlokurnar eru síðan smurðar eftir eftirspurn, þ.e., ef samloka með skinku og osti selst vel þessa vikuna þá verða fleiri slíkar samlokur smurðar í næstu viku og helst þannig mjög í takt við eftirspurnina. FS fylgist vel með eftirspurninni og þar af leiðandi er framboðið af vörum Hámu yfirleitt í góðum takt við eftirspurnina.*

**Júlíus Viggó:** *Miðað við mín samtöl við Guðrúnu eru kröfur Stúdentaráðs til þess gerðar að vera íþyngjandi fyrir reksturinn.*

**Rakel Anna:** *Já, Guðrún segir að það sé auðvitað meira mál að vera með tvo heita rétti á boðstólum hvern dag frekar en einn og aukinn kostnaður sem því fylgir. Það er samt ekki víst hversu mikið hlutfall af þeim sem kaupa grænmetismat núna myndu færa sig yfir í kjötréttinn ef hann einn stæði til boða. Það gæti verið að fórnarkostnaðurinn yrði þá þessi tapaði markhópur.*

**Júlíus Viggó:** *Jú, það er vissulega rétt en á sama tíma kemur á móti að það eru aðrir útsölustaðir á háskólasvæðinu sem bjóða upp á grænmetismat sem myndu ef til vill grípa þennan markhóp, t.d. Stúdentakjallarinn eða Salatbarinn, ef FS myndi taka þá ákvörðun*



Stúdentaráð Háskóla Íslands

að hætta sölu á vegan réttum, sem er NB ekki það sem við förum fram á með þessari tillögu.

- ii. **Fjóla:** Nú situr þú í umhverfis- og samgöngunefnd SHÍ og í framkvæmdaáætlun hennar, sem samþykkt var af Stúdentaráði, stendur einmitt að það eigi að þrýsta á FS að auka vegan úrvalið í Hámu. Stangast þetta ekki örlítið við það sem þú talar hér fyrir?

**Júlíus Viggó:** Framkvæmdaáætlunin var vissulega samþykkt af Stúdentaráði fyrr á starfsárinu en hún var líka lögð fram áður en fregnir bárust af bágri rekstrarstöðu FS.

- iii. **Guðni:** Ég velti fyrir mér hvaða sértæku verkefni þú ert að tala um þegar þú færðir rök fyrir tillögunni?

**Júlíus Viggó:** Þó það verkefni sé ekki verulega íþyngjandi þá langar mig að nefna sem dæmi upplýsingaskjárið í Hámu sem gefur upp umhverfisspor máltíðarinnar hverju sinni.

**Dagmar** biður um tæknilegt innskot og leiðréttir þann misskilning að Matarsporið hafi verið íþyngjandi kostnaður fyrir FS. Verkefnið hafi verið framkvæmt af framkvæmda- og tæknisviði HÍ og styrkt af verkfræðistofunni EFLU.

**Júlíus Viggó:** Það fer samt einhver orka í verkefnið af hálfu FS, t.d. við það að færa inn uppskriftir og þar fram eftir götunum. Punkturinn er sá að þótt verkefnið sé ekki beint íþyngjandi fyrir rekstur Hámu þá er það að minnsta kosti ekki til þess fallið að bæta hann, sem ætti að vera meginmarkmiðið að svo stöddu þar sem vöruverð í Hámu er oft hærra en í hefðbundnum matvöruverslunum.

- iv. **Arna:** Fyrst vil ég koma því á framfæri að lokun Hámu í Odda hefur verið rætt innan sviðsráðs og þar var lítið um að fólk væri mótfallið þeirri ákvörðun. Í staðinn gæti rýmið verið nýtt sem nemendarymi sem er jákvætt fyrir hagsmuni stúdenta – þó svo auðvitað að lokun Hámu feli í sér skerta þjónustu sömuleiðis. Að auki vilj ég spyrja: Ætti þetta ekki að vera tekið fyrir á fundi Umhverfis- og samgöngunefndar SHÍ fyrst, þar sem þetta fer gegn stefnu hennar?



Stúdentaráð Háskóla Íslands

**Júlíus Viggó:** Þessi tillaga er borin upp af mér persónulega fyrir Stúdentaráð sem hluti af stefnumótun Vöku. Hún er sett saman í kjölfarið af því að ég fór og skoðaði ársreikning FS, sem gerður var aðgengilegur á skrifstofu þeirra. Þetta gerist allt eftir seinasta fund á UmSam sem ég hef mætt á svo ég hef ekki getað borið þetta upp á slíkum fundi enn.

v. **Kristmundur:** Ég er ánægður að við séum að pæla í rekstri Hámu. Ég tók einmitt líka samtalið við Guðrínu og fékk allt aðra tilfinningu eftir það. Hún sagði einmitt eins og Rakel Anna kom inn á áðan að það er dýrara að vera með tvo rétti en það er líka fólk sem er að kaupa þessa rétti og FS fylgist grant með þeirri eftirspurn. Sem grænmetisæta til margra ára finnst mér einnig gott að það sé eitthvað kjötlaust í matinn því þó salatið í Salatbarnum sé mjög gott þá gæti ég ekki borðað salat hvern einasta dag. Síðan er ég að hluta til ósammála því að meginmarkmið Hámu eigi að vera að bjóða upp á ódýrar vörur. Það á auðvitað að vera markmið en það er mikilvægara að bjóða upp á næringarríkan mat sem fólk vill og mætir þörfum þess. Svo er heiti maturinn ekkert það dýr í Hámu – hann er vissulega dýrari en á Landspítalanum en það er vegna þess að Landspítalinn niðurgreiðir það fyrirkomulag. Þegar öllu er á botninn hvolft finnst mér mjög miður að þú sért að leggja þetta fram því þetta er gífurlegt skref aftur á bak í umhverfismálum.

**Júlíus Viggó:** Ég held að það sé ákveðinn misskilningur í gangi um það sem er verið að leggja fram. Við förum ekki fram á að það eigi að snúa frá einu né neinu. Við erum þeirrar skoðunar að það eigi að gefa FS, rekstraráðilanum sjálfum sem eru best til þess fallin, svigrúmið til að meta þessi verkefni sjálf án allra umfram krafna frá Stúdentaráði. Það er misskilningur að hér sé verið að beita sér fyrir því að FS geri hitt eða þetta eins og til dæmis að draga úr úrvali eða hætta að bjóða upp á vegan heitan rétt – við viljum setja þetta í hendur FS að ákveða um það og falla frá kröfum um annað.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

**Kristmundur** bendir á að Stúdentaráð hafi samþykkt tillögu árið 2019 sem kvað á um að FS hætti sölu á nautakjöti í Hámu þar sem það er langóumhverfissvænasta kjötið. Þar setti Guðrún fótinn niður og sagði að það væri ekki hægt að fallast á þá kröfu og þetta finnst Kristmundi vera til marks um að Guðrún og FS vita alveg hvar mörkin eru og taka ekki tilmælum sem þau vita að borgi sig ekki.

**Arna:** Tekur undir með Kristmundi um að þetta væri skref aftur á bak í umhverfismálum. Það er stefna stjórnvalda og Háskólans sjálfs að vera umhverfissvænni og að það eru breyttir tímar í þessum málefnum. Ungt fólk er líklegra til að falla í hóp grænmetisæta o.s.frv.

**Júlíus Viggó:** Það er ekki verið að tala fyrir því að það eigi ekki að selja grænmetisrétti eða vegan mat, við erum að tala fyrir því að vera ekki með frekari íþyngjandi kröfur eða verkefni þangað til að það er búið að ná að laga þessa bagalegu rekstrarstöðu Hámu.

Rakel Anna fer fram á svohljóðandi bókun:

“Ég hef ekki tekið eftir því, eftir að hafa setið stjórnarfundum FS sem áheyrnarfulltrúi, að aukið úrval á grænmetis og vegan réttum sé íþyngjandi fyrir rekstur Hámu umfram það sem telst til almennra viðbragða við eftirspurn eftir slíku. FS hefur fullt frelsi til að bregðast við breyttri eftirspurn, kröfur Stúdentaráðs um að boðið sé upp á úrval vegan og grænmetismat aftra því ekki umfram skynsemissjónarmið í rekstri.”

c. Atkvæðagreiðsla:

**5 samþykk:** Fulltrúar Vöku

**12 á móti:** Fulltrúar Röskvu.

Tillagan skoðast því felld.

10. Tillaga um áheyrnarfulltrúa allra fylkinga í stjórn Félagsstofnunar stúdenta (atkvæðagreiðsla) 18:50-19:00

Proposal for observer representatives of all political student unions in the board of FS (Vote)



Stúdentaráð Háskóla Íslands

a. Tillöguberi, Daníel Hjörvar, flytur tillöguna

Stúdentaráðsfundur

5. mars 2024

**- T I L L A G A -**

**Áheyrnarfulltrúi allra fylkinga í stjórn Félagsstofnunar stúdenta**

Lagt er til að Stúdentaráð beiti meirihluta sínum til að fara fram á að allar fylkingar með sæti í Stúdentaráði hafi áheyrnarfulltrúa á stjórnarfundum stjórnar Félagsstofnunar stúdenta.

**- R Ö K S T U Þ N I N G U R -**

Með því að horfið var frá fyrra skipulagi fyrir nokkrum árum, sem var svo að ráðandi fylking hafði tvo fulltrúa í stjórn og minnihluti einn fulltrúa, hefur dregið úr gagnsæi, upplýsingaflæði og ígrundaðri umræðu um rekstur FS. Til að stuðla að betra umhverfi til upplýstrar umræðu um stofnunina leggur Vaka til að SHÍ beiti meirihluta sínum í stjórn FS til að veita fulltrúum allra fylkinga sem hafa sæti í Stúdentaráði áheyrnarfulltrúa á stjórnarfundum stofnunarinnar.

Daníel Hjörvar Guðmundsson, stúdentaráðsliði Vöku

b. Mælendaskrá opin.

i. **Rakel Anna:** Ég er sitjandi áheyrnarfulltrúi í stjórn Félagsstofnunar stúdenta og langar að spyrja tillögubera: Hvar hef ég brugðist þér?

**Daníel Hjörvar:** Ég er gæddur þeim eiginleika að mér finnst gott að vera með belti og axlarbönd – ég er með belti í dag en engin axlarbönd. Mér finnst ekkert að því að áhugasamir fulltrúar frá fylkingunum sitji þessa stjórnarfundu sem áheyrnarfulltrúar.

ii. **Arna:** Ég hefði getað boðið mig fram í þessa stjórn, þú hefðir getað gert það sömuleiðis. Þetta eru ekki fulltrúar meirihlutans í stjórn ef við viljum fara nánar út í það, þetta eru fulltrúar stúdenta. Mig



langaði líka til að spyrja, fyrst rýrt gagnsæi er notað sem rökstuðningur, hvort þú hafir eitthvað reynt að tala við fulltrúana sem núna sitja í stjórn? Neita þau að svara þér eða gefa þau þér loðin svör? Ég átta mig bara ekki alveg á þessum gagnsæispunkti.

**Daníel Hjörvar:** Það hefur ekki reynt á það og ég myndi ekki túlka þessa tillögu sem svo fjandsamlega. Að mínu mati er meinlaust að einhver sem vilja mega sitja fundina sem áheyrnarfulltrúar.

iii. **Kristmundur:** Sem oddviti fylkingar þá get ég staðhæft að það er mjög mikið mál að manna allar þær stöður sem fylkingarnar þurfa að manna á árinu og persónulega væri ég til í að vera laus við að manna þetta líka. Svo finnst mér líka Rakel Anna alveg standa sig nógu vel í upplýsingaflæðinu til Stúdentaráðs – fyrsti fundarliður hvers fundar eru tilkynningar og mál á döfinni og þar tekur hún saman hvað hefur farið fram á stjórnarfundum FS. Síðan er Guðrún framkvæmdastjóri mjög fús til að spjalla við stúdenta um hvað sem er.

**Daníel Hjörvar:** Ef enginn nennti að mæta á þessa fundi – sem væri að mínu mjög eðlilegt – þá er það bara staðan. Í þessu felast töfrar tillögunnar.

**Kristmundur:** Já, en eins og Arna kom inn á áðan þá getum við öll boðið okkur fram í þessar stöður sem stjórnarmeðlimir. Þá gætum við tekið þátt í ákvarðanatökum, t.d. um rekstur FS, sem er miklu skemmtilegri fundarseta en að vera áheyrnarfulltrúi, sérstaklega þar sem rekstur FS er mörgum hérna hjartans mál.

**Daníel Hjörvar:** Svo ég komi aftur inn á töfra tillögunnar þá kemur hún þessu ekkert við. Þetta geta bara verið einhverjir tveir meistarar út í horni að fylgjast með ef þeir vilja.

iv. **Arna:** Að mínu mati ætti þessi tillaga að vera felld. Við erum nú þegar með þrjá fulltrúa stúdenta í stjórn FS í umboði Stúdentaráðs alls eins og verklagsreglur kveða á um og þar af leiðandi með meirihluta. Einnig situr Forseti Stúdentaráðs fundina sem



Stúdentaráð Háskóla Íslands

áheyrnarfulltrúi þannig við erum í rauninni nú þegar með fjóra aðila í umboði Stúdentaráðs sem sitja fundina. Að mínu mati hefur gagnsæið ekki verið vandamál

- v. **Rakel Anna:** Það er leiðinlegt að það komi hlátur í salinn þegar talað er um að þessir þrír fulltrúar séu fulltrúar alls Stúdentaráðs. Ég nýtti mér ekki eitthvert neitunarvald og meirihluti Stúdentaráðs nýtti sér ekki eitthvert meirihlutavald til að koma sitjandi fulltrúum í stjórn. Þetta voru þær þrjár umsóknir sem bárust. Þau rök að eitthvað meirihlutaofbeldi hafi átt sér stað til þess að tryggja kjör þessara fulltrúa halda þar af leiðandi ekki vatni.
- vi. **Daníel Hjörvar:** Ég hef svo sem engu að bæta við þetta að svo stöddu, en ég spyr bara: Af hverju ekki?

c. Atkvæðagreiðsla:

**7 samþykkt:** Dagbjört, Júlíus Viggó, Daníel Hjörvar, Elísabet, Eiður, Alex og Steinunn

**8 sitja hjá:** Sigríður, Tanja, Emilía, Guðni, Davíð, Daniel, Júlía, Kristmundur og

**2 á móti:** Arna og Fjóla

Tillagan skoðast því samþykkt.

11. Tillaga um aðstöðu nemendafélaga á FVS (atkvæðagreiðsla) 19:00-19:10  
*Proposal for better facilities for student associations at FVS*

a. Tillöguberi, Arna Dís, sviðsráðsforseti Félagsvísindasviðs, flytur tillöguna.

Stúdentaráðsfundur

5. mars 2024

- T I L L A G A -

um að Stúdentaráð þrýsti á stjórn Félagsvísindasviðs fyrir því að efla aðstöðu nemendafélaga á Félagsvísindasviði

- R Ö K S T U Þ N I N G U R -





Á síðastliðnum árum hafa nemendafélög á Félagsvísindasviði átt erfitt uppdráttar eftir heimsfaraldur þegar kemur að vinnu til að bæta og stuðla að góðu félagslífi innan námsins og í kjölfarið erum við að sjá þátttöku í nemendafélögum vera minnkandi. Í dag eru einungis tvö nemendafélög á sviðinu með aðgang að eigin rými, þ.e. Mágus og Orator. Nemendafélögin sem sitja eftir hafa barist fyrir þessu síðastliðin ár, í samstarfi við Sviðsráðsforseta og forseta fulltrúaráðs sviðsins, og hafa verið opin fyrir því að deila rýmum saman þar sem mikið samstarf er á milli þeirra nemendafélaga auk vegna smæðar þeirra. Það fyrirkomulag sem hefur verið rætt á fulltrúaráðsfundum síðustu ár er að þau nemendafélög sem ekki hafa aðstöðu deila henni saman, t.d. að Politica, Homo, Þjóðbrók og Ökonomía deila einu rými saman og er það undir þeim komið hvernig skipulagi notkunar yrði háttað o.s.frv.

Á fulltrúaráðsfundum sviðsins hefur verið rætt við forseta og hagsmunafulltrúa nemendafélaga og er skýrt að það er mikill vilji og þörf fyrir því að hafa rými innan veggja háskólans sem stjórnir nemendafélaga geta komið til að funda en einnig til að geyma muni í eign nemendafélags. Nemendafélögin telja að með því að hafa aðgang að rými geta þau eflt starf sitt enn frekar.

Sviðsráðsforseti, fulltrúi sviðsráðs í kennslumálanefnd og forseti fulltrúaráðs sviðsins, hafa á síðastliðnu starfsári verið í samtali við kennsluþróunarstjóra sviðsins auk kennslumálanefnd sviðsins og mikill vilji er á þeim vettvangi. Málið hefur lítið verið rætt innan Stjórnar Félagsvísindasviðs en vegna lítilla eftirtekta og framfylni innan þeirra stjórnar er mikilvægt er að koma tillögu til Stjórnar Félagsvísindasvið sem fer með málefni sviðsins.

Arna Dís Heiðarsdóttir, sviðsráðsforseti og stúdentaráðsliði Rös kvu  
Emilía Björt Írisardóttir, sviðsráðsfulltrúi og stúdentaráðsliði Rös kvu  
Ólöf Soffía Eðvarðsdóttir, sviðsráðsfulltrúi í umboði Rös kvu

b. Mælendaskrá.

i. **Dagbjört:** *Mjög tímabært. Mjög flott tillaga*

ii. **Guðni:** *Sammála – frábær tillaga.*

c. Atkvæðagreiðsla

**Einróma samþykkt með 17 atkvæðum.**

12. Tillaga um aðgang að byggingum HÍ (atkvæðagreiðsla) 19:10-19:20

*Proposal for access to UI's buildings (Vote)*

a. Tillöguberi, Eiður Snær, flytur tillöguna



Stúdentaráð Háskóla Íslands

## - T I L L A G A -

### Opna allar byggingar háskólans fyrir handhafa stúdentakorts

Lagt er til að Stúdentaráð beiti sér fyrir því að allar kennslubyggingar háskólans verði gerðar aðgengilegar stúdentum gegn framvísun stúdentakorts (Edda - hús íslenskunnar þar undanskilið) í stað þess að aðeins sé hægt að fá aðgang að einni byggingu ásamt Háskólatorgi

## - R Ö K S T U Þ N I N G U R -

Stúdentar við Háskóla Íslands eiga rétt á því að geta gengið inn í hvaða kennslubyggingu sem er og geta fundið sér stað til þess að setjast niður og læra í lesrýmum og á borðum sem eru laus. Ekki á að skipta upp nemendum í flokka eftir sviðum.

Eiður Snær Unnarsson, stúdentaráðsliði

#### b. Mælendaskrá opin

- i. *Fjóla María: Mér list vel á þetta. Þetta er búið að vera mikið til umræðu innan sviðsráðs VoNar. Vel gert að ríða á vaðið.*
- ii. *Júlía: Ég velti því fyrir mér hvort við getum ekki tekið út að við undanskiljum Eddu – hús íslenskunnar í kröfum okkar. Árnastofnun mun hafa mjög afmarkað svæði til afnota og stúdentar munu ekki hafa aðgang að því. Ég held að það sé betra að við undanskiljum ekki Eddu í þessari tillögu þar sem viðeigandi stúdenta langar eflaust líka að hafa aðgang að Eddu.*

*Júlía Karen fer fram á eftirfarandi breytingartillögu*

## - T I L L A G A -

### Opna allar byggingar háskólans fyrir handhafa stúdentakorts

Lagt er til að Stúdentaráð beiti sér fyrir því að allar kennslubyggingar háskólans verði gerðar aðgengilegar stúdentum gegn framvísun stúdentakorts (~~Edda – hús íslenskunnar þar undanskilið~~) í stað þess að aðeins sé hægt að fá aðgang að einni byggingu ásamt Háskólatorgi.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Þar sem Eiður er samþykktur breytingartillögunni er hún samþykkt án atkvæðagreiðslu

iii. **Guðni:** Ég var líka að hugsa hvort við gætum ekki bætt einni setningu við í lokin sem kveður á um að aðgangskortin verði ekki dýrari við þetta.

Guðni fer fram á eftirfarandi breytingartillögu

**- T I L L A G A -**

**Opna allar byggingar háskólans fyrir handhafa stúdentakorts**

Lagt er til að Stúdentaráð beiti sér fyrir því að allar kennslubyggingar háskólans verði gerðar aðgengilegar stúdentum gegn framvísun stúdentakorts (~~Edda — hús íslenskunnar — þar undanskilið~~) í stað þess að aðeins sé hægt að fá aðgang að einni byggingu ásamt Háskólatorgi. Aðgangskort ættu ekki að hækka í verði.

Þar sem Eiður er samþykktur breytingartillögunni er hún samþykkt án atkvæðagreiðslu

c. Atkvæðagreiðsla

**Einróma samþykkt með 17 atkvæðum.**

13. Tillaga um endurnýjun á aðbúnaði í Odda (atkvæðagreiðsla) 19:20-19:30  
*Proposal for renovation of facilities in Odda (Vote)*

a. Tillöguberi, Arna Dís, sviðsráðsforseti Félagsvísindasviðs, flytur tillöguna.

Stúdentaráðsfundur  
5. mars 2024

**- T I L L A G A -**

**um að Stúdentaráð þrýsti á stjórn Félagsvísindasviðs að fara í endurnýjun á aðbúnaði í Odda**

**- R Ö K S T U Þ N I N G U R -**

Félagsvísindasvið er fjölmennt svið sem þarfnast góða aðstöðu fyrir stúdenta sem nýta sér aðstöðu bygginga sviðsins. Mikil ánægja var með opnun lesrýmis grunnema og meistaranema í Gimli auk uppfærslu á opna rýminu í Gimli, en mikil aðsókn er á því rými eftir opnun. Þetta er mjög jákvæð þróun og sýnir að stúdentar sækja mikið í nýja aðbúnaðinn í Gimli.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Hægt er að kalla Odda hjarta Félagsvísindasviðs þar sem byggingin hýsir margt starfsfólk og kennara deilda á sviðinu auk þess að stúdentar sækjast í að læra þar, drepa tíma milli tíma og hittast við hin ýmsu tækifæri. Sviðsráðsforseti, fulltrúi sviðsráðs í kennslumálanefnd og forseti fulltrúaráðs sviðsins, hafa á síðastliðnu starfsári barist fyrir því að bæta aðbúnað í Odda þar sem hann stendur ekki tímans tönn og er ekki hentugur fyrir rýmið; stólarnir og borðin eru misstór svo erfitt getur verið að para þau saman auk þess sem að aðbúnaður er orðinn gamall og slappur. Samkvæmt vinnustofu sem Sviðsráð hélt í október síðastliðinn var mikið aðkall frá nemendum að endurnýja borð og stóla í Odda. Með nýrri og hentugari borðum og stólum fyrir rýmið væri hægt að hýsa fleiri nemendum í Odda þar sem það er nær alltaf upptekið sem sýnir eftirspurn eftir góðu rými til þess að læra, spjalla eða einfaldlega drepa tíma.

Arna Dís Heiðarsdóttir, sviðsráðsforseti og stúdentaráðsliði Röskvu  
Emilía Björt Írisardóttir, sviðsráðsfulltrúi og stúdentaráðsliði Röskvu  
Ólöf Soffía Eðvarðsdóttir, sviðsráðsfulltrúi í umboði Röskvu

b. Mælendaskrá opin

*i. Guðni: Eins og áðan þá finnst mér þetta mjög flott tillaga.*

c. Atkvæðagreiðsla

**Einróma samþykkt með 17 atkvæðum.**

14. Tillaga um að SHÍ taki undir ályktun um endurtektarpróf á Heilbrigðisvísindasviði (atkvæðagreiðsla) 19:30-19:40

*Proposal for makeup exams in the School of Health science (Vote)*

a. Tillöguberar, Sigríður Helga, sviðsráðsforseti Heilbrigðisvísinda, og Daniel Myer flytja tillöguna.

Stúdentaráðsfundur

5. mars 2024

**- T I L L A G A -**

**um að Stúdentaráð Háskóla Íslands taki undir ályktun um endurtektarpróf á heilbrigðisvísindasviði**

**- R Ö K S T U Þ N I N G U R -**



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Endurtektarpróf standa til boða fyrir meirihluta nemenda í háskólanum en þó ekki öll. Undirrituðu telja afar mikilvægt að endurtektarpróf séu aðgengileg fyrir öll en ekki aðeins fyrir hluta af nemendum. Nemendur á heilbrigðisvísindasviði í sálfræði og lyfjafræði fá ekki þann möguleika að þreyta slík próf. Stúdentar á námslánnum gætu einnig staðið frammi fyrir fjárhagslegum erfiðleikum ef þeir falla, þar sem námslán eru úthlutuð í samræmi við loknar einingar, sem myndi hafa í för með sér aukið álag. Sviðsráðsforseti heilbrigðisvísindasviðs myndi í kjölfarið deila Ályktun um endurtektarpróf á heilbrigðisvísindasviði með stjórn sviðsins og leggja áherslu á að tryggja endurtökupróf fyrir öll á stjórnarfundi.

### - Á L Y K T U N I N -

Undirrituð óska eftir endurtektarprófum fyrir allt heilbrigðisvísindasvið. Önnur svið háskólans bjóða upp á slík próf og eðlilegt væri að allir nemendur á sviðinu fái endurtektarpróf en ekki aðeins hluti sviðsins. Ef nemendur geta staðist áfanga í endurtektarprófi myndi það skila loknum einingum og einnig koma í veg fyrir fjárhagslegar afleiðingar fyrir nemendur á námslánnum.

Samkvæmt úthlutunarreglum Menntasjóðs Námsmanna í dag hafa námsmenn einungis lánshæfisrétt ef þeir standast 22 einingar og fá lán í samræmi við þær einingar sem þeir standast. Til dæmis, ef nemandi A er í fullu námi og fellur á lokaprófi í 10 eininga valnámskeiði þarf sá nemandi að borga allt lánið fyrir önnina til baka. Ef nemandi B fellur á lokaprófi í 5 eininga áfanga en fékk lán fyrir 30 einingum yfir önnina þarf nemandinn að borga muninn til baka eða verða fyrir frádrætti á lánum sínum fyrir næstu önn.

Þessir fjárhagslegu erfiðleikar geta í kjölfarið leitt til þess að nemendur hætta í námi eða vinna meira með námi til að vinna upp fjárhagstjón sem myndi hafa í för með sér aukið álag. Nemendur vilja forðast slíkan vítahring. Það er ekki í hag nemenda að þurfa vinna meira með skóla eða hreinlega hætta í námi. Brottfall nemenda er áhyggjuefni og sömuleiðis magn lokinna eininga. Sumir nemendur hafa hins vegar komið í veg fyrir þessar afleiðingar með því að ná endurtektarprófi.

Lykilþráðurinn er að ekki ætti að bjóða sumum nemendum upp á endurtektarpróf en takmarka þau fyrir aðra. Þess vegna krefjast nemendur heilbrigðisvísindasviðsins að endurtektarpróf verði í boði fyrir alla nemendur á sviðinu.

Sigríður Helga Kárdal Ásgeirsdóttir, stúdentaráðsliði og sviðsráðsforseti  
heilbrigðisvísindasviðs



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Daníel Thor Myer, stúdentaráðsliði og sviðsráðsmeðlimur heilbrigðisvísindasviðs

b. Mælendaskrá:

i. **Arent:** Ég er aðeins að þæla í tímalínunni varðandi þetta. Stúdentaráð hlýtur að hafa áður ályktað um sambærilegt mál. Ég skil því bara ekki alveg hvert tilefnið fyrir þessu er núna. Ég er alls ekki að segja að þetta sé léleg tillaga en ég velti því bara fyrir mér hvernig þetta hjálpar að svo stöddu.

**Sigríður:** Það er ríkara tilefni fyrir því að við vekjum upp umræður um þetta mál að nýju núna þar sem að hvatinn hefur breyst. Núna verður veitt fé fyrir loknar einingar í staðinn fyrir þreyttar og því ætti að vera frekari vilji meðal stjórnenda að bjóða upp á endurtektarpróf þar sem þau [endurtektarprófin] hljóta draga úr líkum á brottfalli. Þar sem hingað til hefur fé verið veitt fyrir hverja þreytta einingu hafa stjórnendur ekki haft ne00 hvata til að bjóða upp á endurtektarprófin, fjárveitingin sé engu að síður í höfn.

**Forseti** útskýrir að tilgangur tillögunnar sem borin er hér upp sé ekki að álykta um eitthvað nýtt heldur sá að SHÍ skrifi undir ályktun sem skrifuð hefur verið af aðilum innan sviðsins. Undirtektir SHÍ myndu eflaust færa ályktuninni aukið vægi sem kjarnar tilgang tillögunnar.

15. Önnur mál

*Other issues*

a. Kristmundur fer fram á svohljóðandi bókun:

Ég bóka hér með að frávísunartillaga mín hér í dag varðandi bílastæðamál var lögð var fram sökum þess að tillagan var í eðli sínu sama efnis og tillaga sem samþykkt var í stúdentaráði 14. febrúar 2023 sem skerpti á afstöðu Stúdentaráðs um samgöngur og bílastæði. Nýjar upplýsingar um svokallaðar leiðir A og B breyta afstöðunni ekki. Stúdentaráð á ekki að þurfa að sætta sig við aðra hvora þessara tveggja leiða sem eru hvorug nógu góð. Vanfjármögnun háskólans er alvarleg og bitnar á stúdentum mjög víða, þar á meðal í tækifærum háskólans til að taka raunveruleg skref fram á við í umhverfis- og samgöngumálum. Það er afskaplega sorgleg staða. Því skiptir máli að stúdentaráð dragi ekki úr kröfum sínum á þessum tímapunkti.

Undir bókunina taka Daniel, Fjóla, Júlía, Guðni, Davíð, Arna og Emilía

b. Júlíus Viggó fer fram á svohljóðandi bókun:



Stúdentaráð Háskóla Íslands

*Frávísun Röskvuliða á tillögu Vöku um að SHÍ beiti sér fyrir því að Háskóli Íslands fari svokallaða „Leið B” við innleiðingu gjaldskyldu á bílastæði háskólasvæðisins samhliða upptöku á 30.000 kr. samgöngukorti, er Stúdentaráði Háskóla Íslands til háborinnar skammar. Hún var byggð á því að önnur tillaga, sem er efnislega frábrugðin tillögunni sem borin var upp á fundinum, var samþykkt á fundi Stúdentaráðs á fyrra starfsári. Ekki er hægt að færa rök fyrir því að hún „gangi lengra” þar sem hún er efnislega frábrugðin. Meirihluti Röskvu var einfaldlega að beita brögðum til að forðast það að taka opinbera afstöðu í málafloknum.*

*Strax í kjölfarið bar meirihluti upp tillögu sem hafði nú þegar verið breytt og hafnað fyrr á sama starfsári, sem var þá nákvæmlega eins og hún kom fram nú. Frávísunartillögu Vöku á sömu tillögu var ekki samþykkt, og var þar með sett það fordæmi að hægt er að bera upp sömu tillögu endalaust til afgreiðslu, og þar með, með lélegri túlkun í pólitískum tilgangi, opnast á möguleikann á málþófi með t.d. ítrekuðum tillögum um frávísun.*

*Meirihluti Röskvu í SHÍ hefur búið til umhverfi algerrar óstjórnar og ítrekar tilhneigingu sína til meirihluta-ógnarstjórnar.*

*Undir bókunina taka Daníel Hjörvar, Elísabet, Eiður og Alex*

16. Fundi slitið 20:01

*Meeting ends*